



Reykjavík, 11. janúar 2024


## Varðar: Nauthólsvegur 58 – fyrirspurn

Eftirfarandi umsögn er leiðrétting á umsögn dags. 7. desember 2023.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. nóvember 2023 var lögð fram fyrirspurn Bjargfasts ehf./Hilmars Á Hilmarssonar, dags. 12. september 2023, um breytingu á notkun hluta hússins á lóð nr. 58 við Nauthólsveg úr skrifstofu í svefnaðstöðu og sameiginlega eldhúsaðstöðu fyrir starfsmenn vallarins, samkvæmt uppdr. M11 arkitekta, dags. 12. september 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Hluti breytinga á deiliskipulagi, samþykkt 28. apríl 2016

## Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er Nauthólsvegur 58 á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB62 en jafnframt inn á flugvallarsvæði Reykjavíkurflugvallar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Reykjavíkurflugvöll, samþykkt 15. júní 1999 með síðari breytingum.

## Umsögn

Nauthólavegur 58 er kallað Flugskýli nr. 1 og stendur ásamt fjölda viðbygginga við hlið Gamla flugturnsins, sem hefur fengið númerið 581. Spurt er um breytingu á notkun hluta hússins á lóð nr. 58 við Nauthólsveg úr skrifstofu í svefnaðstöðu og sameiginlega eldhúsaðstöðu fyrir starfsmenn vallarins.

Í deiliskipulaginu er ekki minnst á heimild til að útbúa svefnaðstöðu og sameiginlega eldhúsaðstöðu fyrir starfsmenn vallarins. Í almennum skilmálum deiliskipulagsins segir að „*Einungis mannvirki sem tengjast flugi eða rekstri flugvallarins með beinum hætti er heimilt að reisa á svæðinu.*“. Ennfremur segir að fyrir byggðarreiti við norðurenda Nauthólsvegar sé „*gert ráð fyrir almennri starfsemi tengdri flugi og rekstri flugvallarins eins og nánar er kveðið á um í Skipulagsreglum flugvallarins.*“

Gert er ráð fyrir að svefnaðstaða og sameiginleg eldhúsaðstaða fyrir starfsmenn sé hluti af rekstri flugvallarins, eins og kaffistofa og sófasvæði. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að rekstraraðilar bæti aðstöðu starfsmanna sinna með fyrrnefndum aðgerðum með fyrirvara um samþykki Reykjavíkurflugvallar, sem er áskilin skv. skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar, staðfestar af samgönguráðuneytinu þann 23. júlí 2009.

## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að breytingu á notkun hluta húss úr skrifstofu í svefnaðstöðu og sameiginlegt eldhús starfsmanna Reykjavíkurflugvallar með fyrirvara um samþykki Reykjavíkurflugvallar sbr. umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri